

Mánudaginn 14. nóvember 1955.

Nr. 124/1954. H/f Björgvin

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Á dómþingi 11. þ. m. var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, að mál þetta yrði hafið og talsmanni hans fyrir Hæstarétti dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði.

Stefndi, sem sótti dómþing, krafðist ómaksbóta.

Samkvæmt þessu verður mál þetta hafið og stefnda dæmdar ómaksbætur úr hendi áfrýjanda, kr. 1000.00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti ákveðast kr. 1000.00.

Dómsorð :

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Björgvin h/f, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1000.00 í ómaksbætur.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmans, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.